

Gerðir aukakirkjuþings 2021

61. kirkjuþing

**haldið á Grand Hotel Reykjavík 21. júní og
27. ágúst 2021 og á biskupsstofu, Katrínartúni 4,
4. október 2021.**

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþing.....	3
1. mál. Þingsályktun um kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.....	5
2. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020, sbr. starfsrgl. nr. 316/2021.....	6
3. mál. Tillaga til þingsályktunar um aðhaldsaðgerðir í fjármálum þjóðkirkjunnar.....	7
4. mál. Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.....	8
5. mál. Tillaga til þingsályktunar um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða.....	9
6. mál. Þingsályktun um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa.....	11
7. mál. Tillaga til þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar.....	12
8. mál. Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.....	26
9. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings.	29

Setning aukakirkjuþings 21. júní 2021

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á þetta aukakirkjuþing.

Þetta þing er haldið annars vegar vegna þess að nýlega náðist að ljúka kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og hins vegar vegna þess að nú hafa verið samþykkt á Alþingi Íslendinga ný þjóðkirkjulög sem rétt þykir að kynna.

Hér er sannarlega um tímamótaviðburði að ræða.

Það má því segja að þjóðkirkjan standi á miklum tímamótum um þessar mundir og breyttir tímar framundan í stjórnslu kirkjunnar.

Í fyrst skipti hefur Þjóðkirkjan gert kjarasamning við presta Þjóðkirkjunnar.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka kjaranefnd kirkjunnar sem kirkjuþing skipaði á kirkjuþingi 2020, fyrir alla þá góðu vinnu sem þau hafa innt af hendi við gerð þessa kjarasamnings en þau eru:

Guðrún Zoëga, verkfræðingur, formaður, Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur og Einar Karl Haraldsson, ráðgjafi. Guðrún var áður formaður kjararáðs ríkisins og er því vel kunnug kjaramálum er varða prestastéttina.

Kjarasamningurinn var samþykktur af prestum 10. júní sl. og nú er komið að því að kirkjuþing staðfesti samninginn fyrir hönd þjóðkirkjunnar í dag, 21. júní. Því má segja að þetta sé nokkurs konar sólstöðusamningur svo vitnað sé til svokallaðra sólstöðusamninga sem eru með þekktustu kjarasamninga sem verkalýðshreyfingin hefur gert.

Ný þjóðkirkjulög voru samþykkt á Alþingi sunnudaginn 13. júní og taka gildi 1. júlí nk.

Er það ekki táknrænt að þau skuli vera samþykkt á sunnudegi.

Síðar í dag munu þau Skúli Guðmundsson og Ragnhildur Benediktsdóttir fara yfir lögin og skýringar með þeim.

Vinna hófst við frumvarpið eftir samþykkt á kirkjuþingi árið 2007, og hafa þau verið í vinnslu á vegum kirkjuþings til þessa árs. Löggjafanefnd tók við vinnu við það árið 2014 og á seinni stigum var það unnið í góðu samstarfi við Dómsmálaráðuneytið. Mikil vinna er nú framundan hjá kirkjuþingi við það að fara yfir nógildandi starfsreglur, samræma þær nýjum þjóðkirkjulögum, einfalda þær og jafnvel stytta.

Í nýjum þjóðkirkjulögum er kveðið á um að um sérstakt hæfi þingfulltrúa fari eftir starfsreglum kirkjuþings. Megi í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Nú er hafin vinna að hæfisreglum fyrir kirkjuþingsfulltrúa og hefur verið leitað til dr. Páls Hreinssonar, forseta EFTA dómstólsins, til að koma til liðs við okkur við þá vinnu en Pál er doktor í reglum um sérstakt hæfi. Tillaga að starfsreglum um þetta efni verður kynnt kirkjuþingi í haust. Þar sem kirkjuþing hefur ekki enn slíkar reglur geri ég ráð fyrir að hver og einn muni huga að hæfi sínu við þátttöku í ákvörðunum þingsins.

Samkvæmt nýjum þjóðkirkjulögum fer kirkjuþing með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald. Samkvæmt starfsreglum um þingsköp

kirkjuþings ber forseti kirkjuþings ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Á grundvelli þessa verður ekki annað séð en að forseta og forsætisnefnd kirkjuþings sé skylt að fylgja nú þegar eftir framangreindri ábyrgð þingsins hvað varðar fjárstjórn.

Því flytur forsætisnefnd nú þingsályktunartillögu um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða. Í því felst m.a. að undirbúa gerð fjárlaga næsta árs og annast framkvæmd þeirra. Að sjálfsögðu yrði þetta unnið samstarfi við þá er málið varðar. Gert er svo ráð fyrir að kirkjuþing 2021 – 2022 gangi frá endanlegri skipan mála hvað varðar fjárstjórn og annað það vald sem kirkjuþing hefur samkvæmt nýjum lögum um þjóðkirkjuna. Er það von mín að kirkjuþing standi nú einhuga að baki þessari tillögu forsætisnefndar.

Auk tillögu forsætisnefndar liggja fyrir þinginu tvær tillögur sem fjalla um aðgerðir sem lúta að því að hefja vinnu við að leysa þann mikla fjárhagsvanda sem við er að etja núna og okkur er öllum kunnugur.

En ekki má gleyma því sem jákvætt er. Í því sambandi minni ég á að dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson hefur verið að vinna með okkur að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og mun hann gera grein fyrir því starfi á þessu þingi. Það er ósk mín að okkur beri gæfa til að vinna að stefnumótun þjóð og kirkju til heilla.

Í veganesti fyrir daginn í dag vil ég vitna í ljóð eftir Sigurbjörn Þorkelsson.

Gerum daginn í dag

Að góðum degi

Og njótum lífsins

í þakklæti.

Annað

Væri herfileg mistök,

Vanþakklæti,

Hreinn og klár

Klaufaskapur.

Gættu þess aðeins

Að láta hugann aldrei

Bera hjartað ofurliði.

Aukakirkjuþing 2021 er sett.

1. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings

**Þingsályktun um kjarasamning
Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd
Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu**

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 21. júní 2021.

2. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað
vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020, sbr. starfsrgl. nr. 316/2021.**

1. gr.

3. gr. starfsreglnanna fellur brott.

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.
Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. í nýjum þjóðkirkjulögum, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Samþykkt í einni umræðu á kirkjuþingi 21. júní 2021.

3. mál aukakirkjuþings 2021

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni, Gísla Jónassyni,
Hermann Ragnari Jónssyni og Svönu Helen Björnsdóttur.

**Þingsályktun
um aðhaldsaðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.**

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að nýráðningar til starfa hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu skuli, að svo stöddu, stöðvaðar. Ályktun þessi fellur úr gildi 1. nóvember 2021.

Samþykkt á kirkjuþingi 21. júní 2021.

4. mál aukakirkjuþings 2021

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni, Gísla Jónassyni,
Hermann Ragnari Jónssyni og Svönu Helen Björnsdóttur.

**Eftir fyrri umræðu var málinu vísað frá og lagt til að það yrði tekið fyrir á næsta þingi.
Samþykkt samhljóða.**

Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að fela kirkjuráði að selja eftirtaldar fasteignir í eigu
Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, enda fáist viðunandi söluverð.

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Voli, Flóahreppi.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Jörðin Árnes I á Ströndum, Árneshreppi.

Jörðin Vatnsfjörður í Ísafjarðardjúpi, Súðavíkurreppi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Jörðin Syðra-Laugaland og nýbýlið Brúnir í Eyjafirði, Eyjafjarðarsveit.

Austurlandsprófastsdæmi

Jörðin Skeggjastaðir, Langanesbyggð.

Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð.

Söluákvæðanir þessar gilda fram að kirkjuþingi 2023.

5. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Þingsályktun um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að forseti kirkjuþings og formaður fjárhagsnefndar sitji mánaðalega fundi kirkjuráðs þegar fjármál kirkjunnar eru rædd. Þetta fyrirkomulag gildi til 1. nóvember eða þar til framtíðarskipan mála verði ákveðin.

Samþykkt á kirkjuþingi 21. júní 2021.

Tillaga til þingsályktunar um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að forseti kirkjuþings, fyrsti varaforseti þingsins og formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings myndi til bráðabirgðastjórn, sem í umboði kirkjuþings, fer með þá fjárstjórn sem mælt er fyrir um í 7. gr. nýrra laga um þjóðkirkjuna.

Greinargerð.

Samkvæmt 7. gr. nýrra þjóðkirkjulaga fer kirkjuþing með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

Samkvæmt starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009, með síðari breytingum, ber forseti kirkjuþings ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Á grundvelli þessa verður ekki annað séð en að forseta kirkjuþings sé skylt, að óbreyttu, að sinna framangreindri ábyrgð kirkjuþings hvað varðar fjárstjórn. Því þykir rétt að leggja til að þriggja manna stjórn verði sett á laggirnar, til bráðabirgða. Hún verði skipuð forseta þingsins, ásamt fyrsta varaforseta og formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings. Stjórnin sinni þeirri framangreindu ábyrgð sem kirkjuþing ber á fjármálum frá og með 1. júlí nk., milli funda kirkjuþings. Í þeirri ábyrgð felst m.a. að undirbúa gerð fjárlaga næsta árs, annast framkvæmd fjárlaga og fylgjast með útgjöldum. Stjórnin vinni þetta í samráði við forseta kirkjuráðs og aðra þá sem bera ábyrgð á fjármálum.

Gert er ráð fyrir að kirkjuþing 2021-2022 gangi síðan frá endanlegri skipan mála hvað varðar fjárstjórn og annað það vald sem kirkjuþing hefur samkvæmt nýjum lögum um þjóðkirkjuna. Þá er gert er ráð fyrir að stjórn þessi haldi mánaðarlega fundi og a.m.k. þrjá aukafundi til undirbúnings fjárlaga næsta árs.

Kostnaður af samþykkt málsins mun verða um 500 þúsund krónur vegna þóknunar stjórnar samkvæmt gjaldskrá þóknananefndar og um 140 þúsund krónur í ferðakostnað.

Nefndarálit og breytingartillaga fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að forseti kirkjuþings og formaður fjárhagsnefndar sitji mánaðalega fundi kirkjuráðs þegar fjármál kirkjunnar eru rædd. Þetta fyrirkomulag gildi til 1. nóvember eða þar til framtíðarskipan mála verði ákveðin.

Einar Már Sigurðarson, Hreinn Hákonarson og Þorkell Heiðarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

6. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Þingsályktun um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að kjaranefnd kirkjunnar ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Við ákvarðanir þessar skal kjaranefnd kirkjunnar hafa til viðmiðunar þróun launa á almennum vinnumarkaði og umfang starfanna. Einnig skal litið til breytinga á launum presta samkvæmt kjarasamningi milli Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu svo og breytinga á launum opinberra starfsmanna.

Þegar kjaranefnd kirkjunnar ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefndinni.

Kjaranefnd kirkjunnar skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

Samþykkt á kirkjuþingi 27. ágúst 2021.

7. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman.


Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu.

Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í framkvæmdanefnd skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn skulu vera jafn margir í sömu hlutföllum. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Starfræktsskalrekstrarskrifstofaþjóðkirkjunnar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarskrifstofa sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðiþekkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.

Nýtt skipulag ásamt skipuriti þjóðkirkjunnar tekur gildi 1. janúar 2022.

Skipan þessari er lýst í meðfylgjandi skipuriti:



Samþykkt á kirkjuþingi 4. október 2021.

Tillaga til þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar


Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö megin ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu.

Kirkjuþing ber ábyrgð á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar sem fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárfstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarskrifstofa sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups Íslands, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðipækkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar. **Rekstrarskrifstofan lýtur stjórn fimm manna og nefnist hún framkvæmdastjórn kirkjuþings. Forseti kirkjuþings er formaður stjórnarinnar. Fyrsti varaforseti er varaformaður. Kirkjuþing kýs árlega aðra stjórnarmenn og fjóra varamenn úr röðum fulltrúa á kirkjuþingi, sem taki sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til.**

Frekari útfærsla og innleiðing á þessu skipulagi skal fara fram undir forystu biskup Íslands og forseta kirkjuþings. Stefnt er að því að gera grein fyrir útfærslu á kirkjuþingi í október næstkomandi og að því loknu geti skipulag tekið gildi.

Skipan þessari er lýst í meðfylgjandi skipuriti:



Greinargerð.

Um skipulagið

Í tengslum við yfirstandandi stefnumótun þjóðkirkjunnar ákvað kirkjuráð að fara yfir skipulag þjóðkirkjunnar og laga það að b reyttum aðstæðum og þörfum starfseminnar. Undanfarin ár hafa þessi mál komið til umræðu innan kirkjuþings og tillögur fluttar þar að lútandi. Eftirfarandi ástæður skipti hins vegar mestu máli þegar litið er til skipulagsbreytinga í starfsemi þjóðkirkjunnar:

1. Ný þjóðkirkjulög gera ráð fyrir breyttu hlutverki eininga í yfirstjórn kirkjunnar og jafnframt því, að fjárstjórnarvald er áskilið með skýrum hætti að sé hjá kirkjuþingi. Auk þess eru ýmsar núverandi stjórnunareiningar og ýmis hlutverk samkvæmt eldri lögum ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.
2. Frá því snemma í vor hefur staðið yfir vinna við mótun stefnu og áherslna kirkjunnar til framtíðar. Mikilvægt er að þær áherslur endurspeglit í skipulagi starfseminnar.
3. Hvernig sem á það er litið, þá stendur þjóðkirkjan frammi fyrir miklum áskorunum í nánustu framtíð. Þessar áskoranir koma bæði innan frá og ekki síður utanfrá vegna hraðari og ófyrirsjáanlegri breytinga en áður.

4. Með auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar, m.a. með nýjum lögum og samningum við ríkisvaldið, er kirkjan alfarið á eigin vegum í fjármálum og grundvallarbreytingar hafa orðið á umsjón og utanumhaldi með vígðri þjónustu og kjaramálum þeirra starfsmanna sem áður voru embættismenn ríkisins.

Núverandi skipulag hefur verið metið með það fyrir augum að gera nauðsynlegar breytingar til þess að koma til móts við ofangreint. Sú tillaga sem hér er lögð fram er tiltekin aðlögun að breytingum sem orðið hafa í lagaumhverfi, en er um leið ætlað að vera grundvöllur áframhaldandi þróunar á innbyrðis hlutverkum og ábyrgð með það fyrir augum að starfsemi þjóðkirkjunnar verði í senn markviss og sveigjanleg.

- Í stefnumótunarferlinu sem hófst sl. vor hafa sjónarmið komið fram á mismunandi vettvangi stefnumótunarumræðu:
- Hinn 6. febrúar sl. komu saman um 100 manns úr yfirstjórn og sóknum kirkjunnar til þess að ræða mikilvægustu markmiðin til framtíðar. Það komu m.a. fram viðhorf um skipulagsmál sem gerð verður nánari grein fyrir í næsta hluta.
- Í júní sl. komu saman forseti og formenn fastanefnda kirkjuþings, kirkjuráð, stýrihópur stefnumótunar og lykilstarfsmenn af biskupsstofu til þess að ræða skipulagsmál. Haldnir voru tveir fundir, sem ekki skiluðu endanlegri niðurstöðu en voru gagnlegir til þess að fá fram þau mismunandi sjónarmið sem uppi eru um hlutverk og ábyrgð yfirstjórnar þjóðkirkjunnar

Í framhaldi af umræðum í júní var ákveðið að sérstakur vinnuhópur myndi fjalla um þessi mál og freista þess að leggja fram tillögu um skipulag kirkjunnar sem byggðist á ofangreindum umræðum, nýjum þjóðkirkjulögum og almennum grundvallarreglum um góða stjórnarhætti. Í þessum hópi voru: Ásdís Clausen, fjármálastjóri biskupsstofu, dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson stefnumótunarráðgjafi, dr. Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði í Háskóla Íslands, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Ragnhildur Benediktsdóttir hdl., starfsmaður kirkjuþings.

Sú tillaga sem hér kemur fram er sameiginleg niðurstaða þessa hóps.

Markmið breytinga

Eins og áður sagði, hafa umræður um skipulag farið fram á tvenns konar vettvangi síðustu misserin. Þegar stefnumótun þjóðkirkjunnar var hleypt af stokkunum fyrr á þessu ári, komu saman um 100 manns víðs vegar úr starfinu. Í þeirri umræðu komu fram þrjú markmið sem vert er að gefa gaum í þessu sambandi:

1. Einföld, hagkvæm og skilvirk stjórnsýsla sem er nálæg grasrótinni og þess gætt að leggja áherslu á valddreifingu umfram miðstýringu
2. Aukið lýðræði sem byggir á því að yfirstjórn kirkjunnar sé valin af breiðum hópi þjóðkirkjufólks og gæta þess að innan þjóðkirkjunnar verði lýðræði og stjórnsýsla til fyrirmyndar
3. Traust fjármál og rekstur sem miðar að því að þeir fjármunir sem fyrir hendi séu nýtist vel og að ekki verði eytt um efni fram í rekstri og þjónustu. Á sama tíma verði

stöðugt unnið að því markmiði að halda því þjónustustigi og starfi sem nauðsynlegt er til þess að tryggja sterka stöðu kirkjunnar í samfélaginu til framtíðar.

Önnur markmið sem tengjast valddreifingu og samspili miðlægrar starfsemi og sókna komu jafnframt fram sem vert er að gefa gaum í áframhaldandi mótun á innra skipulagi kirkjustarfsins, eins og aukin ábyrgð og stoðþjónusta prófastsdæma á heimasvæðum.

Í umræðum hóps lykilmanna úr yfirstjórn þjóðkirkjunnar komu fram markmið af svipuðum toga, en jafnframt komu fram sjónarmið sem tekið hefur verið mið af í umræðu um þessa skipulagstillögu:

- Valddreifing sem byggir á því að ábyrgð og vald fari saman, þannig að ákvarðanir séu teknar með skýru umboði
- Skilvirkni, skýr hlutverk og ráðdeild með upplýstri ákvarðanatöku
- Samstilltur hópur sem byggir á samstarfi og ábyrgð vígðra og óvígðra
- Gegnsæi, upplýsingastreymi og stöðug miðlun

Sú tillaga sem hér er fram sett fjallar fyrst og fremst um verkaskiptingu og hlutverk eininga innbyrðis. Samstarf byggir á skýrum hlutverkum með skýru umboði út frá sameiginlegum geti nýtt krafta sína til þess að takast á við áskoranir nútíðar og framtíðar. Frekari umræður um útfærslu á verkefnum og hvernig haga skuli miðlægrri vs. dreifstýrðri starfsemi þarfnast nánari umræðu m.a. með þátttöku þeirra sem hlut eiga að máli í hverju tilviki. Þar af leiðandi verða ekki gerðar beinar tillögur þótt fram komi í greinargerð ýmis sjónarmið þar að lútandi eftir því sem við á.

Stefna og skipulagstillaga

Skipulag þarf að þjóna þeirri stefnu og markmiðum sem liggja fyrir gagnvart starfseminni. Skipulagið þarf að endurspegla fyrirætlanir í stefnu um starfsemi og þróun. Skipulag á að tryggja skýra ábyrgð á því að tilteknir hlutir gangi fram í starfseminni í samræmi við fyrirætlanir þar um, en það á jafnframt að fela í sér skýrt umboð til athafna þannig að viðkomandi geti axlað þá ábyrgð sem fylgir hverju hlutverki.

Á þessu ári hefur sérstakur stýrihópur stefnumótunar staðið fyrir margskonar umræðu um stefnu og áherslur bæði þegar á heildina er litið og í einstökum brýnum viðfangsefnum. Starfið hófst í raun með fjölmennum stefnufundi í febrúar sl., sem áður hefur verið minnst á. Þar mótaðist tiltekinn stefnuramma sem ætlað var að fanga þær megináherslur sem komu fram í umræðunum. Þessi stefnuramma hefur verið kynntur bæði á kirkjuþingi sl. vor og á mismunandi vettvangi safnaðarstarfs s.s. héraðsfundum og í einstökum sóknum.

Frekari umræða og samþykkt þessa ramma þarf að fara fram á vettvangi kirkjuþings, en þrátt fyrir það verður að gera ráð fyrir að inntak þeirrar stefnu sem mótaðist í umræðunni verði í meginatriðum það sama. Það sem talið var lýsa best sígildum tilgangi og hlutverki þjóðkirkjunnar var orðasambandið: Salt og ljós samfélagsins. Það vísar með skýrum hætti til þess að grunnþjónusta kirkjunnar felst í boðun, helgihaldi og margskonar kærleiksþjónustu sem tengist inntaki kristinnar trúar. Þetta er kjarninn í starfsemi

þjóðkirkjunnar; grunnþjónustan, sem skipulagið á að styðja við. Grunnþjónustan fer fram í sóknum um land allt sem tilheyrir 9 landfræðilegum prófastsdæmum. Jafnframt er veitt tiltekin sérþjónusta utan starfs sókna sem tengist grunnþjónustunni. Tilgangur miðlægrar starfsemi þjóðkirkjunnar, hvort sem lýtur að rekstri og fjármálum eða margskonar samræmingu og stuðningi við grunnþjónustu er að styðja við þjónustuna eins og best verður á kosið.

Nánar tiltekið voru settar fram eftirfarandi áherslur í stefnuramma þjóðkirkjunnar á áðurnefndum stefnufundi:

- Að öll grunnþjónusta þjóðkirkjunnar njóti traustra innviða sem felast í framúrskarandi mannaúði, góðu starfsumhverfi, einfaldri og skilvirkri stjórnábyrgð og traustum fjármálum og rekstrarlegum innviðum.
- Að innan þjóðkirkjunnar fari fram öflugt starf á öllum sviðum sem byggir á valdeflingu og ábyrgð út frá skýrum markmiðum. Jafnframt að þjónusta kirkjunnar við safnaðar- og boðunarstarf sé skilvirk og í stöðugri þróun í takt við breytingar í samfélaginu.
- Að þjóðkirkjan sé þekkt fyrir að vera lifandi samfélag með heilnæma lífssýn, aðlaðandi og opinn vettvangur sem býður upp á trúarlegt og félagslegt samfélag fyrir alla auk kærleiksþjónustu sem nýtur virðingar og trausts.
- Að þjóðkirkjan sé ótvírætt ein af grunnstoðum samfélagsins, með því að vera virkur þátttakandi í samfélaginu, leiðandi afl til andlegar velferðar og sýnileg kirkja með sterka sjálfsmynd
- Þeirri skipulagstillögu sem hér er lögð fram er ætlað að koma til móts við þessar áherslur með því að leitast við að ábyrgðarsvið í skipulagi svari þessum þáttum.

Ný þjóðkirkjulög

25. júní síðastliðin samþykkti Alþingi ný lög um þjóðkirkjuna sem færa með formlegum hætti alla ábyrgð af starfsemi hennar til yfirstjórnar kirkjunnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram:

„Með frumvarpi þessu er svo sem áður er lýst stefnt að því að einfalda mjög allt regluverk þjóðkirkjunnar og lagt til að kirkjuþing fjalli enn frekar en verið hefur um innra skipulag og starf þjóðkirkjunnar og fari með fjárstjórnvarvald hennar að því marki sem því eru ekki sett takmörk með lögum. Með samþykkt frumvarps þessa verður þjóðkirkjan sjálfstæðari en áður í öllum sínum verkum. Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlega gagngreiðslu á grundvelli samninga milli þjóðkirkjunnar og ríkisins. Prestar og starfsmenn biskupsstofu verða ekki lengur opinberir starfsmenn og falla ekki lengur undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þjóðkirkjulögin verða einföld rammalöggjöf en kirkjuþing mun setja starfsreglur, samþykktir og ályktanir um alla starfsemi kirkjunnar.“

Þótt á yfirborðinu kunni að virðast, að ný lög muni ekki hafa ýkja mikil áhrif á núverandi skipulag og starfshætti yfirstjórnar kirkjunnar, þá verður að gera ráð fyrir að lögin marki

Þáttaskil í ýmsum hliðum stjórnsýslu innan þjóðkirkjunnar, einkum að því er snýr að störfum og starfsháttum í yfirstjórn hennar.

Samkvæmt nýjum lögum er kirkjuþingi falið fjárstjórnarvald í þjóðkirkjunni sem felur í sér viðtækt umboð til ákvarðana um rekstur og áherslur í starfi kirkjunnar. Þetta kallar á vandaða stefnu- og áætlanamiðaða stjórnarhætti af hálfu kirkjuþings, og að hin lýðræðislega umgjörð starfsins verði eflað þannig að vald kirkjuþings verði temprað af virku lýðræðislegu baklandi og gegnsæjum starfsháttum og ákvarðanatöku. Jafnframt þarf að gera ráðstafanir í skipulagi til þess að kirkjuþing geti fylgt eftir fjárstjórnarvaldi sínu og að skýr ábyrgð og athygli sé á hinn rekstrarlega þátt starfseminnar sem er nauðsynlegt til þess að tryggja á grunnþjónustu sem þjóðkirkjan stendur fyrir.

Skipulag og stjórnarhættir

Virgni skipulagsins er háð því að yfirstjórn þjóðkirkjunnar byggir á skýrum áætlanafærlum og stefnumiðuðum stjórnarháttum og hafi í starfsháttum sínum í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis. Slíkt felur í sér grunnferli stefnumiðaðra stjórnarháttanna sem einkennast einkum af eftirfarandi:

1. Þjóðkirkjan starfi samkvæmt langtímastefnu og markmiðum sem mótuð eru undir forystu kirkjuþings og samþykkt af því. Þessi stefna verði ráðandi um áherslur og þróun í starfsemi kirkjunnar öðrum en þeim sem eru beint á ábyrgð biskups Íslands samkvæmt lögum. Viðhöfð séu lýðræðisleg vinnubrögð og viðtækt samráð eftir því sem tók eru á.
2. Á hverju ári verði lögð fyrir kirkjuþing starfs- og fjárhagsáætlun sem vísar í langtímastefnu. Þessar áætlanir verði unnar á ábyrgð biskups Íslands með þátttöku ábyrgðarmanna verkefna (stjórnenda) á biskupsstofu og ábyrgðarmanna grunnþjónustu kirkjunnar. Rekstrarskrifstofa veiti ráðgjöf um áætlanafærlu og aðstoð við greiningar og framsetningu, tekur saman niðurstöður og tryggir að fjárhagsrammi gangi upp. Sé misræmi í áætluðum útgjöldum og tekjum ber biskup Íslands ábyrgð á að endurskoða áætlun til þess að tryggja samræmi milli ráðstöfunarfjár og útgjalda.
3. Framkvæmdastjórn kirkjuþings yfirfari áætlanir og gangi úr skugga um að þær séu í samræmi við stefnu og fjárhagsramma, og undirbýr framlagningu fyrir kirkjuþing, sem ræðir, gerir athugasemdir við og samþykkir áætlanir.
4. Að áætlunum samþykktum verði komið á samkomulag um skilgreiningu á umboði biskups Íslands til ráðstöfunar fjár bæði til reglubundins rekstrar og tiltekinna stefnumiðaðra verkefna.

Framkvæmdastjórn kirkjuþings ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd áætlana og hefur forgöngu um að bregðast við, gangi áætlanir ekki eftir, hvort sem er af innri eða ytri ástæðum. Skrifstofustjóri rekstrarskrifstofu ber ábyrgð á öllu eftirliti og upplýsingagjöf í þessu tilliti og hefur í því sambandi náð samráð og samstarf við biskup Íslands. Þurfi að grípa til ráðstafana vegna misræmis, þarf annað hvort að leita heimilda kirkjuþings

til viðtækara umboðs, eða að forgangsraða í rekstri til þess að mæta aðstæðum. Slík forgangsroðum er á ábyrgð biskups Íslands sem færir rök fyrir niðurstöðum, sem er endanlega á valdi kirkjuþings að samþykkja.

Einstakar einingar skipulags

Eftirfarandi er umfjöllun um einstaka hluta eða einingar skipulagsins og hlutverk og ábyrgð þeirra stjórnenda og ábyrgðarmanna sem fara fyrir þeim einingum. Að hluta til er um að ræða breytingar á því sem nú gildir, en að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttum hlutverkum og því er stuðst við núgildandi starfsreglur þegar þeim hlutverkum er lýst.

Kirkjuþing og yfirstjórn þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing er lýðræðislega kjörið þing sem hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar og markar stefnu hennar í sameiginlegum málefnum að undanskildum þeim sem lúta að kenningu kirkjunnar og helgihaldi. Meiri háttar ákvarðanir á því sviði eru þó bornar undir það til staðfestingar. Kirkjuþing ákvarðar nánar hvernig áætlunum, samþykktum og fjárfstjórnarvaldi skv. lögum er fylgt eftir.

Forseti kirkjuþings ber ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnarsýslu þess. Kosnir eru fyrsti og annar varaforseti kirkjuþings og mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings, ásamt forseta þingsins. Forseti stýrir störfum forsætisnefndar. Forseti undirbýr og stjórnar fundum þingsins í samráði við forsætisnefnd.

Samkvæmt nýjum þjóðkirkjulögum er ekki gert ráð fyrir sérstöku kirkjuráði eins og nú háttar. Hér er hins vegar lagt til að í stað þess verði skipuð fimm manna starfsstjórn á vegum kirkjuþings, framkvæmdastjórn kirkjuþings. Framkvæmdastjórn kirkjuþings myndar brú milli kirkjuþings og æðstu stjórnenda kirkjunnar og annast eftirlit með og fylgir eftir framkvæmd áætlana og samþykktu kirkjuþings.

Lagt er til að forseti kirkjuþings sé formaður fimm manna framkvæmdastjórnar kirkjuþings. Fyrsti varaforseti verði varaformaður framkvæmdastjórnar. Aðrir í stjórninni séu kjörnir af kirkjuþingi, úr röðum kirkjuþingsfulltrúa, til tveggja ára í senn. Fjórir varamenn séu kosnir með sama hætti og taki sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Biskup Íslands og framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu sitja fundi framkvæmdastjórnar að jafnaði.

Biskup Íslands

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu og grunnþjónustu kirkjunnar. Biskup Íslands situr fundi kirkjuþings og að jafnaði fundi framkvæmdastjórnar kirkjuþings, eins og fyrr segir.

Biskup Íslands ber með beinum hætti ábyrgð á grunnþjónustu þjóðkirkjunnar og fer með öll mannaforráð er tengjast grunnþjónustu og starfsemi biskupsstofu. Hlutverk biskups Íslands er umfram allt að hvetja og styðja söfnuði, presta, djákna og stofnanir kirkjunnar til að sækja fram í starfi og þjónustu.

Í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir tveimur vígslubiskupum í samræmi við 16.-19. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997 sem féllu úr gildi við samþykkt laga nr. 77, 25. júní 2021. Í undirbúningi skipulagstillögunnar varð nokkur umræða um framtíð vígslubiskupsembættisins. Samkvæmt nýjum lögum um þjóðkirkjuna eru ekki ákvæði um vígslubiskupa og að öllu óbreyttu munu starfsreglur um vígslubiskupa falla niður um næstkomandi áramót.

Prófastar og prófastsdæmi

Grunnþjónusta þjóðkirkjunnar skiptist í almenna þjónustu sem fram fer í sóknum landsins og sérþjónustu sem ætluð er fólki sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævilangt eða eru tímabundnar.

Prófastsdæmi eru undir stjórn prófaste sem heyra beint undir biskup Íslands. Prófastar hafa umsjón með kirkjulegu starfi og hafa forgöngu um samstarf og samlegð grunnþjónustu og helgihalds meðal sókna í prófastsdæminu.

Biskup Íslands útnefnir prófast úr hópi þjónandi presta í hverju prófastsdæmi eftir að hafa leitað umsagnar þjónandi presta og djákna svo og formanna sóknarnefnda.

Prófastur hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu presta og djákna og starfi sóknarnefnda. Hann er tilsjónarmaður og ráðgjafi þessara aðila og er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið.

Í umræðum um skipulagstillögu komu fram sjónarmið um framtíðarþróun á hlutverki prófaste og prófastsdæma, einkum að því er snýr að því að færa stuðning og miðlæga þjónustu tengda helgihaldi nær sóknum, en um leið nýta margskonar tækifæri til samlegðar og samnýtingar aðfanga innan prófastsdæmisins. Þessi umræða er í raun í takti við það sem segir í starfsreglum um hlutverk prófaste og tiltekið er hér að ofan. Mikilvægt er að halda þeirri umræðu áfram og skoða heildstætt hvernig útfæra skuli starfsemi og skipulag innan prófastsdæma með það fyrir augum að ná fram betri nýtingu þeirra aðfanga og starfskrafta sem starfa innan vébanda þess. Mikilvægur þáttur í sambandi er að áætla þjónustupörf og ákvarða í framhaldi af því þörf fyrir mannafla, presta og djákna (sbr. 3. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021) og annað starfsfólk eftir því sem við á. Þá þarf að huga að því hvernig þróa megi starfshætti þjóðkirkjunnar áfram í takt við breyttar aðstæður.

Sérþjónusta

Sérþjónustan byggir eins og vikið var að á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar embætti sérþjónustupresta. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Það heyrir til stefnumarkandi ákvarðana hvernig hagað verður framtíðarþróun sérþjónustunnar og því eru ekki lagðar fram breytingar í þessari skipulagstillögu, en gert

ráð fyrir óbreyttu starfi, sem taki eðlilegri þróun eftir því sem tímar líða og aðstæður eða þarfir kunni að breytast.

Þróun, fræðsla og þekkingarsköpun

Hér er gert ráð fyrir nýrri einingu í grunnþjónustu þjóðkirkjunnar sem lýtur að stefnumarkandi þróun og nýsköpun auk þess sem innan vébanda þessarar einingar séu hlutverk er lúta að þekkingarsköpun og fræðslumálum bæði inn á við og út á við. Tilgangur þessarar starfseiningar er að tryggja að mikilvægum þróunarverkefnum á hinum ýmsu sviðum grunnþjónustu kirkjunnar sem ella gætu orðið útundan í dagsins önn sé veitt athygli og umsjón.

Sviðið hefur yfirumsjón með þróunar- og nýsköpunarverkefnum á sviði helgihalds, kærleiksþjónustu, æskulýðsstarfs sem og á öðrum sviðum í grunnþjónustu kirkjunnar. Það undirbýr og stefnumörkun kirkjuþings á þessum sviðum og framkvæmir stefnuna í umboði þess. Sviðið annast sjálft verkefni af þessu tagi eða útvistar þeim til annarra en hefur þá eftirlit með framkvæmd þeirra, það á jafnframt við um önnur þau verkefni sem tiltekin eru hér á eftir:

- Gerð fræðsluefnis og annarra hjálpargagna til notkunar í grunnþjónustu kirkjunnar
- Fræðsla fyrir starfsfólk kirkjunnar, sjálfbodaliða og almenning. Er hér bæði átt við um námskeið sem nýtast í starfi og almennari námskeið er lúta að kirkjunni og starfsemi hennar
- Forganga um hagnýtar kirkjurannsóknir sem lúta að því að upplýsa um breytingar á samspili kirkju og samfélags, þátttöku í starfi kirkjunnar og annað er skýrt getur stöðu hennar.
- Forganga um að móta afstöðu kirkjunnar til samfélagslegra málefna og annarra sambærilegra mála sem kirkjan þarf að tjá afstöðu til. Leitað er staðfestingar kirkjuþings á þessu sviði eftir því sem ástæða þykir til. Framkvæmdastjórn kirkjuþings í samráði við biskup Íslands sker úr um hvenær það skuli gert. Í þessu efni hefur sviðið samvinnu við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og fræðasamfélagið að öðru leyti
- Nú þegar er unnið að mörgum ef ekki öllum þeim verkefnum sem hér eru talin upp á ýmsum sviðum starfseminnar. Það sem að mati hópsins er nýjung í þessu sambandi, er að um þau verkefni verði mynduð samstæð eining þannig að þau séu öll á einum stað.

Biskupsstofa

Biskupsstofa er miðstöð grunnþjónustu þjóðkirkjunnar. Biskupsstofa er á ábyrgð og forræði biskups Íslands og annast alla þróun og þjónustu varðandi helgihald, boðun, kærleiksþjónustu og aðra grunnþjónustu sem ákveðið er að reka á miðlægum grunni.

Biskupsstofa annast um að fullnægjandi vígð þjónusta presta og djákna sé ávallt í boði í sóknum landsins og öðrum þjónustustöðum og að innri samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir á fullnægjandi hátt.

Þjónustan er aðlöguð aðstæðum og góðum venjum. Veitt er ráðgjöf og stuðningur sóknum og vígðum þjónum um hvaðeina er varðar hina vígðu þjónustu.

Biskupsstofa þjónar þeim nefndum kirkjunnar sem starfa að málefnum tengdum kristnihaldi, kenningu og þjónustu og sér um að fylgja ákvörðunum þeirra eftir.

Rekstrarskrifstofa

Rekstrarskrifstofa er miðstöð fjármála, rekstra, eigna og stjórnsýslu þjóðkirkjunnar. Rekstrarskrifstofa starfar á vegum framkvæmdastjórnar kirkjuþings í umboði kirkjuþings, en í nánú samstarfi og samráði við biskup Íslands og veitir biskupi alla nauðsynlega þjónustu til þess að rækja ábyrgðarhlutverk sitt gagnvart fjármálum og rekstri grunnþjónustunnar.

Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar tryggir að ávallt séu fyrir hendi nauðsynleg aðföng til þess að veita þjónustu kirkjunnar í samræmi við stefnu og samþykktir kirkjuþings. Með aðföngum í þessu tilliti er einkum átt við fjármagn, húsnæði og tækni.

Það er lýtur að fjárhagslegum málum og réttindamálum, þ.e. launa- og kjaramál heyrir undir rekstrarskrifstofu, enda tengist það beint fjármálum og stjórnsýslu.

Rekstrarskrifstofa hefur á að skipa sérfræðingum í lögfræði og stjórnarháttum. Hún annast alla lögvarða hagsmuni þjóðkirkjunnar, veitir yfirstjórn þjóðkirkjunnar ráðgjöf og aðstoð vegna lögfræði og stjórnarháttanna og undirbýr og vinnur úr málum sem til meðferðar eru á kirkjuþingi hverju sinni samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjórnar.

Rekstrarskrifstofa hefur umsjón með gerð nauðsynlegra áætlana sem lagðar eru fyrir kirkjuþing samkvæmt því sem sett var fram á bls. 5 í þessari greinargerð og veitir reglulegar upplýsingar um fjárhagsstöðu og hefur eftirlit með að áætlanir standist.

Rekstrarskrifstofa tryggir að í öllu sé farið að lögum og reglum um rekstur og starfsemi þjóðkirkjunnar þar sem það á við og að í hvívetna sé fylgt almennum reglum góðra stjórnarháttanna. Í því skyni veitir sviðið bæði biskupsstofu og sóknum eftir því sem óskað kann að verða þjónustu að því er varðar fjármál, fjárreiður, lögfræðimál og almenna stjórnsýslu, og hefur yfirsýn og umsjón með starfsreglum kirkjuþings varðandi starfsemi þess og einstakra eininga þjóðkirkjunnar eftir því sem við á.

Gildistaka breytinga

Sú tillaga sem hér er sett fram miðast við að skilgreina hlutverk og ábyrgð í skipulagi þjónustu og rekstrar þjóðkirkjunnar. Lögð er áhersla á verkefni sem slík og þá ábyrgð sem þeim fylgja. Með því að samþykkja þessa tillögu þarf að eiga sér stað tiltekin innleiðing sem miðar að því að útfæra nánar breytingar eins og þær snúa að störfum einstakra starfsmanna og að tryggja að öll störf séu skipuð. Jafnframt þarf að útfæra hvernig hagað verður yfirfærslu úr núverandi kirkjuráði í framkvæmdastjórn kirkjuþings. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að slíkt innleiðingarferli eigi sér stað á haustmánuðum og að breytingar verði komnar til framkvæmdar að loknu kirkjuþings í október næstkomandi.

Mikilvægt er að hafa í huga, að þótt grunnþættir skipulagsins eigi að gilda til lengri tíma, eru einstakir hlutar þess sífellt til endurskoðunar og útfærslu eftir því sem aðstæður krefjast.

Nefndarálit og breytingartillaga allra nefnda:

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman.


Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu.

Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í framkvæmdanefnd skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn skulu vera jafn margir í sömu hlutföllum. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Starfrækt skal rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarskrifstofa sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðiþekkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.

Nýtt skipulag ásamt skipuriti þjóðkirkjunnar tekur gildi 1. janúar 2022.

Skipan þessari er lýst í meðfylgjandi skipuriti:



Nefndarálit.
Um tillöguna.

Hér er lögð fram breytingartillaga við þingsályktunartillögu forsætisnefndar sem lögð var fram á aukakirkjuþingi í ágúst síðastliðnum. Málið var ekki afgreitt á því þingi en ákveðið að gefa því meiri tíma til að fastanefndir kirkjuþings gætu rætt nánar um tillöguna og skilað nefndaráliti á næsta þingfundi aukakirkjuþingsins.

Með tillögu þessari fylgir yfirlit yfir helstu verkefni á hvoru ábyrgðarsviði. Gert er ráð fyrir að frekari útfærsla á ábyrgðarsviði biskups Íslands verði unnin undir forystu biskups Íslands og að útfærsla rekstrarskrifstofu verði unnin af hálfu kirkjuþings eða þeim sem kirkjuþing tilnefnir til þess. Gert er ráð fyrir að frekari skilgreining á hlutverkum og verkaskiptingu verði í nánú samráði þessara aðila.

Í umræðu nefndanna var einkum lögð áhersla á að fá fram niðurstöðu um hvaða leið skuli fara að því er varðar framtíðarstjórnskipan þjóðkirkjunnar. Fyrr á þessu ári kom saman breiður hópur þjóðkirkjufólks sem m.a. setti fram álit um forgangsmál í starfsemi kirkjunnar. Í þeim umræðum var stjórnskipan kirkjunnar ofarlega á blaði. Í könnun meðal fundargesta var endurskoðun á stjórnskipan kirkjunnar sett í annað sæti á eftir æskulýðsmálum. Ýmis atriði komu fram um meginmarkmið í þessu efni sem m.a. var lýst með eftirfarandi hætti:

„Að efla lýðræði og stjórnsýslu. Að stjórnsýsla kirkjunnar sé skýr og gagnsæ. Að það sé ljóst í hvað fjármunir fara og hver ber ábyrgð á því.“

Samkvæmt nýjum þjóðkirkjulögum má segja að hlutverk kirkjuþings sem stjórnvalds sé verulega aukið og breytt. Þar er m.a. sérstaklega tekið fram, að kirkjuþing fari með fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar. Því fylgir ótvíræð ábyrgð kirkjuþings á því að rekstur og fjárhagsstaða þjóðkirkjunnar sé með þeim hætti að kirkjan geti þjónað hlutverki sínu með besta mögulega hætti. Það er ljóst, að starfshættir kirkjuþings muni taka breytingum og að ábyrgð þess þurfi að endurspeglast í skipulagi þjóðkirkjunnar.

Eins og áður segir, hefur í umræðum nefnda verið lögð megináhersla á það hvernig kirkjuþing muni fylgja eftir lögbundnu hlutverki sínu annars vegar og hins vegar hvernig biskup Íslands geti best rækt hlutverk sitt sem æðsti kennimaður þjóðkirkjunnar. Með því getur biskup einbeitt sér að einingu innan kirkjunnar og tilsjón með grunnþjónustu hennar. Sú breytingartillaga sem nefndir kirkjuþings leggja fram lýtur því fyrst og fremst að því að ná fram niðurstöðu um þá tvískiptingu ábyrgðar á miðlægri starfsemi þjóðkirkjunnar sem felst í nýjum þjóðkirkjulögum. Eðli málsins samkvæmt lýtur þessi breytingartillaga ekki að einstökum útfærsluatriðum enda er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að þau séu skilgreind frekar af viðkomandi ábyrgðaraðilum, þ.e. biskupi, að því er varðar starfsemi sem undir það embætti heyrir og kirkjuþingi að því er varðar lögbundið hlutverk þess.

Um skipulagið.

Meðfylgjandi yfirliti yfir skipulag og verkefni er ætlað að sýna þá skiptingu ábyrgðar sem tillagan felur í sér. Það skipurit sem fylgir tillögunni greinir í meginatriðum helstu verkefni á hvoru ábyrgðarsviði. Frekari útfærsla þarf að eiga sér stað með þátttöku þeirra sem bera ábyrgð á hvoru sviði.

Þau markmið sem lögð voru fram í upphaflegri tillögu eru enn í fullu gildi en þau miða einkum að því að stjórnsýsla kirkjunnar einkennist af eftirfarandi meginatriðum:

1. Einföld, hagkvæm og skilvirk stjórnsýsla sem er nálæg grasrótinni og þess gætt að leggja áherslu á valddreifingu umfram miðstýringu.
2. Aukið lýðræði sem byggir á því að yfirstjórn kirkjunnar sé valin af breiðum hópi þjóðkirkjufólks og gæta þess að innan þjóðkirkjunnar verði viðhafðir lýðræðislegir stjórnarhættir.
3. Traust fjármál og rekstur sem miðar að því að þeir fjármunir sem fyrir hendi séu nýtist vel og að ekki verði eytt um efni fram í rekstri og þjónustu.
4. Á sama tíma verði stöðugt unnið að því markmiði að halda því þjónustustigi og starfi sem nauðsynlegt er til þess að tryggja sterka stöðu kirkjunnar í samfélaginu til framtíðar.

Það fyrirkomulag sem hér er lagt upp með byggir á nánú innbyrðis samstarfi allra þeirra sem koma að ábyrgð á miðlægri starfsemi þjóðkirkjunnar. Það samstarf byggir á skýrum hlutverkum með skýru umboði út frá sameiginlegum markmiðum sem skapar grundvöll þess að kirkjan geti nýtt krafta sína til þess að takast á við áskoranir nútíðar og framtíðar.

Einstakir liðir tillögunnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að ábyrgð á starfsemi þjóðkirkjunnar sé skipt milli kirkjuþings annars vegar og biskups Ísland hins vegar. Báðir þessir aðilar starfa að því sameiginlega markmiði að tryggja styrk og velgengni þjóðkirkjunnar og að hún geti rækt hlutverk sitt með besta mögulega hætti. Sú uppskipting sem hér er ræðir byggir á því að hvorugur aðili geti gegnt hlutverki sínu án hins og því er náð samstarf nauðsynlegt.

Til þess að fylgja eftir hlutverki kirkjuþings, er lagt til að kosin verði sérstök framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa, sem gegnir því hlutverki að fylgja eftir ákvörðunum og áætlunum kirkjuþings og hafa eftirlit með því að allir þættir starfseminnar séu í samræmi við markmið og áætlanir. Hún skal jafnframt vera til stuðnings stjórnendum kirkjunnar og tryggja að skýrt umboð fylgi ákvörðunum. Í tillögunni er gert ráð fyrir að framkvæmdanefnd verði kosin af kirkjuþingi. Gert er ráð fyrir að nefndarmenn verði kosnir til árs í senn og að í nefndinni sitji þrjú nefndarmenn. Formaður verði kosinn sérstaklega sem og varaformaður og meðstjórnandi. Gert er ráð fyrir að kjósa þrjú varamenn. -

Tillagan gerir ráð fyrir því að frekari skilgreining verkefna og ábyrgða á hvoru ábyrgðarsviði fyrir sig verði útfærð nánar af þeim sem ábyrgð bera á starfseminni.

Lagt er til að breytingarnar taki gildi 1. janúar 2022.

Sr. Arna Grétarsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

8. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

**Þingsályktun
um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu Þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi:

Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu Þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari. Þóknun reiknast í einingum og er verð hvernar einingar hið sama og verð eininga í gildandi kjarasamningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands hverju sinni.

2. gr.

Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

Þjónusta	Einingar	Fjárhæð
a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 ein.	kr. 7.418
b. Fermingarfræðsla	2,0 ein.	kr. 21.194
c. Hjónavígsla	1,3 ein.	kr. 13.776
d. Kistulagning	0,8 ein.	kr. 8.478
e. Útför	2,6 ein.	kr. 27.552
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 ein.	kr. 8.478
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 ein.	kr. 2.119

3. gr.

Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr.

Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist verksins. Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Presti ber að upplýsa greiðendur fyrirfram um ferðakostnað.

Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

Vottorð vegna meðlagsgreiðslu með barni og vottorð að beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda gefur prestur út án endurgjalds.

Presti er enn fremur skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. september 2021 og gildir til 31. mars 2023. Frá sama tíma fellur brott Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 933/2020.

Samþykkt á kirkjuþingi 27. ágúst 2021.

9. mál aukakirkjuþings 2021
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

**Þingsályktun um skipun starfshóps til
tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings.**

Aukakirkjuþing 2021 ályktar að skipa starfshóp þriggja kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir gildandi starfsreglur kirkjuþings og leggja mat á hvaða starfsreglur skuli halda gildi sínu áfram. Enn fremur fari starfshópurinn yfir það hvaða starfsreglur skuli teknar til endurskoðunar og hvort gildistími þeirra skuli þá framlengdur tímabundið fram á árið 2022, svo tími gefist til þeirrar endurskoðunar. Starfshópurinn vinni tillögur að starfsreglum samkvæmt framanskráðu og leggi fram á kirkjuþingi 2021-2022, eigi síðar en í nóvember mánuði 2021.

Starfshópurinn fari einnig yfir þær réttarheimildir sem féllu brott samkvæmt 13. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, við gildistöku þeirra þann 1. júlí 2021 og geri tillögur til kirkjuþings 2021-2022, um hvort og þá hvað af efni þeirra skuli tekið upp í starfsreglur kirkjuþings.

Samþykkt á kirkjuþingi 4. október 2021.

Forsætisnefnd tilnefndi

Anný Ingimarsdóttur,

Stefán Magnússon og

sr. Bryndísi Möllu Elíadóttur í starfshópinn og var það samþykkt samhljóða.